

**Tailwind ehf**

Kt. 540122-0590

Þórir Erlingsson, framkvæmdastjóri

S.: 892 8003

thorir@vikingamot.is**Afnotaleyfi fyrir hjólreiðakeppninni KIA Gullhringurinn á vegsvæðum Vegagerðarinnar í sveitarfélaginu Árborg.**

Vegagerðinni hefur borist tölvupóstur dags 2. ágúst 2022 frá Þóri Erlingssyni þar sem óskað eftir afnotaleyfi Vegagerðarinnar fyrir hönd Tailwind ehf. til að halda hjólreiðamót á vegsvæðum Vegagerðarinnar í sveitarfélaginu Árborg.

Framkvæmd

Um er að ræða umferðatakmarkanir, stuttar lokanir og umferðarstýringar á vegsvæðum Vegagerðarinnar.

Allar ræsingar verða með öryggisfylgd og brautarverðir við öll gatnamót. Umferð stýrt með stuttum lokunum rétt á meðan keppnisaðilar eru ræstir, í samvinnu við Vegagerðina og viðbragðsaðila.

Nákvæm útlitun á dagskránni fylgdi með umsókn sbr. viðauka, bls. 3 og 4.

Heimild Vegagerðarinnar

Vegagerðin heimilar fyrir sitt leyti hjólreiðakeppnina „KIA Gullhringurinn“ á vegsvæðum Vegagerðarinnar í sveitarfélaginu Árborg **dags 10.9.2022, kl. 15:00 til 21:00 og 11.9.2022 frá kl. 09:00 til 12:30** í samræmi við umsókn dags. 2. ágúst 2022.

Um er að ræða vegsvæði eftirfarandi þjóðvega:

- Hringvegur (1-d4/d2), gegnum Selfoss og að Villingaholtsvegi.
- Gaulverjabæjarvegur (33-01/04).
- Votmúlavegur (310-01)
- Villingaholtsvegur (305-01/03)
- Eyrarbakkevegur (34-01/02)

Hámark er að stöðva umferð 10 mínútur í senn. Þegar umferðarhraði er tekinn niður, þrengja þarf að umferð og hlutalokanir eru á vegum þá er gerð krafa um að merkingar og hjáleiðir verði samkvæmt lögum og reglum um vinnusvæðamerkingar og farið skal eftir „Reglum um um vinnusvæðamerkingar“ sem er að finna á slóð <http://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/leidbeiningar-og-stadlar/vinnusvaedamerkingar/>.

Mótshaldari skal fara yfir vegsvæði keppnisleiðarinnar og tryggja að engar hættur leynist þar sem öryggi hjólandi vegfarenda geti verið stefnt í hættu. Hreinsa skal götur/vegi þar sem er

mikil lausamöl og vera í sambandi við Vegagerðina, skriflega, ef eitthvað er ábótavant, áður en keppni hefst.

Vegagerðin bendir jafnframt á að samkvæmt Umferðarlögum nr. 77/2019, 39. gr. verður einnig að afla leyfis lögreglu þegar reiðhjólakeppni er haldin á þjóðvegi.

Mótshaldari skal fylgja keppnisreglum Hjólreiðasambands Íslands (HRÍ).

Til að tryggja öryggi keppenda og annara ökumanna er bent á að mótshaldari skuli sjái til þess að:

- setja upp áberandi merkingar um að umræddur viðburður eigi sér stað á vegsvæðinu.
- upplýsa íbúa á svæðinu og nærliggjandi sveitarfélögum um keppnina.
- framkvæmd lokunar verði á þann veg að í góðum tíma er tilkynnt um lokun og ef lækka þarf hámarkshraða verði hann stíglækkandi, niður í 30 km/klst.
- starfsmenn mótshaldara, á eða við veg, skulu vera í sýnilegum öryggisfatnaði, t.d. gulum vestum.
- fylgibíll verði vel merktur sem slíkur, bæði fyrir keppendur og almennings í akstri.

Síða 2/4

Vegagerðin ber ekki skaðabótaábyrgð vegna slysa eða óhappa sem kunna að eiga sér stað í hjólreiðakeppni á þjóðveginum, hvorki á mönnum né munum. Mótshaldari ber ábyrgð á skemmdum sem verða á mannvirkjum/vegsvæðum Vegagerðarinnar vegna hjólreiðakeppninnar.

Bent er á að tilkynning vegna keppninnar verði á þann veg að í góðum tíma er tilkynnt um atburðinn og að starfsmaður fylgir því eftir.

Afrit er sent til: - Neyðarlína - Lögregla – Umferðarþjónusta –Sveitarfélagið – Vaktstöð Vegagerðarinnar.

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar
Rannveig María Jóhannesdóttir
Landfræðingur
Suðursvæði Vegagerðarinnar

Vegagerðin

Þetta skjal hefur verið samþykkt rafrænt.

Viðauki:

- umsókn frá Þóri Erlingssyni, framkvæmdastjóra Tailwind ehf. Selfoss dags 30.5.2022

Umsókn um leyfi til að nota þjóðvegi vegna hjólreiðamóts 10. og 11. september 2022

Fyrir hönd Tailwind ehf. mótshaldara KIA Gull í Árborg hjólreiðamóts óskum við eftir leyfi til að nýta vegi vegagerðirnar til keppnishalds samkvæmt eftirfarandi lýsingum. Mótið er haldið í samvinnu við Sveitarfélagið Árborg.

Umsóknin nær til laugardagsins 10. september 2022 og sunnudagsins 11. september. Fyrsti partur keppinnar fer fram 8. september en er ekki á vegum. Uppsetning á umgjörð í miðbæ Selfoss byrjar föstudaginn 9. september. Hér að neðan er þeir tímar sem reikna má með umferðatöfum og lokunum skilgreindir sérstaklega eftir hverjum veghluta.

Á undan öllum flokkum keppenda verður öryggisbill og eining á eftir síðasta keppenda. Meðan á keppni stendur verður fljótandi gæsla við öll gatnamót þar sem notast verður við flokk mótórhjóra og er vegur að fullu opin eftir að síðasta hjól hefur klárað hvern kafla.

Laugardagur 10. september

Upphitun hefst kl. 15.00 en fyrsta ræsing er kl. 17.00, reiknað er með allir séu komnir í mark eigi síðar en kl.21.00. Notkun á hverjum vegi er misjöfn og tekur mis langan tíma, hér að neðan eru frekari skilgreiningar á hverjum vegi.

Innan Selfoss

Upphaf og endir mótsins er við Hótel Selfoss, reikna má með umferðartöfum á móts við Hótel Selfoss stóran hluta laugardagsins.

Frá 16:00 til 18:30 lokun frá hringtorgi við Ölfusárbrú að Kirkjuvegi í báðar áttir.

Frá 18.30 til 21.00 lokun frá Kirkjuvegi að hringtorgi við Ölfusárbrú. Frá hringtorgi við Ölfusárbrú að Kirkjuvegi umferð stýrt.

Frá kl. 17:00 til 18:30 umferð stýrt í samræmi við ræsingar um Austurveg frá hringtorgi við Ölfusárbrú að hringtorgi við Bónus. Allar ræsinga á með öryggisfylgd bæði á undan og eftir ásamt því brautarvörðum við öll gatnamót.

Frá 17:30 til 21:00 Víkurheiði að Kirkjuvegi báðar áttir. Takmarkanir og umferðatafir, umferð stýrt.

Austan Selfoss

Frá 17:00 til 17:45 Þjóðvegur 1 frá Ölfusárbrú að Þjóðvegi 305 Villingaholtsvegi. Keppendur hjóla austur Þjóðveg 1 að Villingaholtsvegi, á meðan er hæg umferð í austur og allir bílar á leið vestur er stöðvaðir við Villingaholtsveg og látnir vita hvað er í gangi.

Ræsing 17:00 og 17:10

Þeir flokkar fara í gegnum Selfoss frá Hótel Selfossi austur að hringtorgi við Bónus niður Gaulverjabæjarveg sem leið liggur í gegnum Stokkseyri, til vinstri inná hjólreiðastíg í átt að Eyrarbakka í gegnum Eyrarbakka, til hægri inná Nesbrú og til hægri inná Eyrarbakkaveg, og hjólað sem leið liggur á Selfoss. Tímataka endar við fyrsta hringtorg á Selfossi og keppendur hjóla svo rólega í mark við Miðbæ.

Reiknað er með að allir í þessum flokkum séu komnir í mark fyrir kl. 19.30

Ræsing 17:30

Þeir flokkar fara í gegnum Selfoss frá Hótel Selfossi austur að hringtorgi við Bónus austur um þjóðveg 1 að Villingaholtsvegi niður Villingaholtsveg inná Gaulverjabæjarveg í gegnum

Stokkseyri að Eyrarbakkegi, upp Eyrarbakkegi þar sem annar hópurinn klárar við Selfoss. Hinn hópurinn fer inná Votmúlaveg til austurs niður Gaulverjabæjarveg í gegnum Stokkseyri inná Eyrarbakkegi og klára við Selfoss.

Allir keppendur ættu að vera komnir af þjóðvegi 1 kl. 18:00

Allir keppendur ættu að vera komnir af Villingaholtsvegi eigi síðar en kl. 18:45

Lengstu truflanir á umferð verða á Gaulverjabæjarvegi og Eyrarbakkegi.

Samantekt á tímasetningum umferðatafa

Vegir sem lokanir og umferðatafir verða.

Frá 17:00 til 18:00 þjóðvegur 1 í gegnum Selfoss og að Villingaholtsvegi.

Frá 17.30 til 18.45 þjóðvegur 305 Villingaholtsvegur.

Frá 17:00 til 18:00 þjóðvegur 33 Gaulverjabæjarvegur.

Frá 17:00 til 18:00 þjóðvegur 310 Votmúlavegur.

Frá 17:00 til 20:00 þjóðvegur 34 Eyrarbakkegi.

Á meðan á móti stendur yrðu umferð stýrt með stuttum og lengri lokunum í samvinnu við Vegagerðina og viðbragðsaðila. Allir vegir yrðu alltaf opnir fyrir neyðaaakstri.

Síða 4/4

Sunnudagur 11. júlí

Time Trial „The Great Escape“

Ræsing 09:00

Allt að 40 keppendur startað á 30 sekúnda fresti frá Eyrarbakka vegi við Litla Hraun.

Keppendur eru þeir fremstu á landinu og ættu að vera 15 til 25 mínútur á Selfoss. Allir komnir í mark á Selfossi kl. 10.00

Eyrarbakkegi lokaður í aðra eða báðar áttir meðan á keppni stendur og svo fylgir bíll á eftir síðasta hjólara. Hjáleiddir um Gaulverjabæjarveg.

Votmúlahringur

Ræst kl. 11.00 frá verslun Byko, hjólað fram hjá Bónus inná Gaulverjabæjarveg og inná Votmúlaveg, til hægri inná Eyrarbakkegi og svo aftur til hægri inná Suðurhóla, til vinstri inná Austurhóla og að Byko. Lokað með hjólarar hjóla þessa leið, opnað á eftir síðasta hjólara. Allir hjólarar ættu að vera komnir í mark kl. 12.30

Virðingarfyllt

Þórir Erlingsson

Framkvæmdastjóri Tailwind ehf

thorir@vikingamot.is

892 8003

Vegagerðin